

## Minnisblað til heilbrigðisefndar Kjósarsvæðis.

**Efni:** Vaka á Leirvogstungumelum

**Dags:** 16. júní 2020

**Frá:** Árni Davíðsson, staðgengill framkvæmdastjóra

---

Málið var rætt á 53. fundi heilbrigðisnefndar. Eftirfarandi var bókað á fundinum:  
Ábendingar hafa komið um slæma umgengni Vöku á Leirvogstungumelum og hefur eftirlit leitt í ljós að það á við rök að styðjast. *Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðiseftirlitinu að setja málið í forgang.*

Vaka hóf söfnun og geymslu brotajárns á svæðinu árið 2018. Síðan þá hefur heilbrigðiseftirlit verið í talsverðu sambandi við fyrirtækið og farnar hafa verið nokkrar eftirlitsferðir. Ástandið hefur verið talsvert breytilegt á þessum tíma. Formleg samskipti eru þessi helst:

- 18. júlí 2018. Heilbrigðiseftirlitið sendir Vöku bréf. Bent á að starfsemin sé án starfsleyfis og uppfylli ekki skilyrði í skipulagi og gerð krafa um að fjarlægja alla hluti.
- 2. desember 2019 sækir Valur Stefánsson f. h. Vöku hf. um starfsleyfi fyrir geymslusvæði fyrir bifreiðar og tæki á Leirvogstungumelum.
- 3. desember 2019 berst umsögn Mosfellsbæjar um umsóknina. Beðið er afgreiðslu bæjarráðs Mosfellsbæjar hvort starfsemin verði heimil á staðnum.
- 20. maí bókun í bæjarráði Mosfellsbæjar 4. 202002126 - Umgengni á lóð Vöku hf. á Leirvogstungumelum. Bæjarráð Mosfellsbæjar fer fram á að heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bregðist hart við í málinu og beiti tiltækum heimildum sem eftirlitið hefur til þess að sjá til þess að fyrirtækið bregðist við athugasemdum og hætti brotum sínum um umgengi og óleyfilega nýtingu landsins tafarlaust. Bæjarráð skorar einnig á heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis að fylgja málinu eftir af fullum þunga.
- 9. júní 2020. Umsögn skipulagsfulltrúa um umsókn Vöku um starfsleyfi. Niðurstaða umsagnar er: „Því er óskin í ósamræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 sem og ákvæði skipulagsreglugerðar og því fær umsóknin neikvæða umsögn.“

ÁD fór í eftirlitsferð með fulltrúum Vöku þann 9. júní. Það kom í ljós að svæði sem Vaka er með úrgang eða brotajárn á eru fjögur.

- 1. svæði. Það er neðra svæði Vöku, næst svæði sem Ístak hefur haft á Leirvogstungumelum. Í eftirlitsferðinni mátti greinilega sjá að búið var að taka hreinsa burt mikið af bílhraejum þar. Á nokkrum stöðum mátti sjá olíubletti, glerbrot og plast þar sem búið var að fjarlægja bíla.
  - 2. svæði. Ofan við það svæði er einskonar gámasvæði þar sem m.a. brotamálmur frá Ístak hefur verið settur í gáma. Þar er ennþá talsvert af dóti
-



og óvísst hvort hafi verið hreinsað. Á nokkrum stöðum þar mátti sjá olíubletti, glerbrot og plast.

- 3. svæði. Þar ofan við er nokkrum gámum raðað meðfram veginum inneftir. Þeir eru í misjöfnu ástandi. Sumir heillegir og lokaðir en aðrir opnir og jafnvel alveg ónýtir. Í sumum er búið að setja talsvert af allra handa sorpi og drasli. Þar hefur ekkert verið hreinsað.
- 4. svæði. Innst í námugryfjunni næst svæði Mótomos er talsvert af brotajárni og fleiru af ýmsum uppruna. Þar hefur ekki verið hreinsað.

Heilbrigðiseftirlit fór fram á það að Vaka skilaði tímasettri áætlun um hvenær hreinsun verði lokið á hverju þessara fjögurra svæða.

15. júní skilaði Vaka tímasettri áætlun um hreinsun svæðisins. Í henni kemur fram að hreinsun verði lokið á svæði 1 fyrir 30. júní, á svæði 2 og 3 fyrir 15. júlí og á svæði 4 fyrir 31. júlí. Jafnframt kemur fram að fyrirhugað er að safna saman á svæði 1 stærri ökutækjum og gámum. Ekki kemur skýrt fram að svæði 2 verði lokað. Jafnframt kemur fram að aðkoma að svæðinu verði lokað með aksturshliði til að takmarka umferð inn á svæðið.

#### Samantekt:

1. Umsögn skipulags Mosfellsbæjar um umsókn Vöku um starfsleyfi fyrir geymsluvæði er neikvæð. Því verður að líta svo á að skilyrði ákvæða 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, um að starfsemin skuli vera í samræmi við skipulag sé ekki uppfyllt.
2. Það að Vaka hefur að einhverju marki hafið hreinsun er jákvætt en sú hreinsun nær enn sem komið er að mestu til fólksbíla á svæði 1. Tímasett áætlun um hreinsun er einnig jákvæð en áætlunin er að því marki takmörkuð að hún gerir ráð fyrir að svæði 1 verði áfram í notkun og mögulega einnig svæði 2. Tímamörk í áætluninni eru í sjálfu sér raunhæf fyrir svæði 2, 3 og 4 og ætti að vera hægt að fallast á þau. Líklega þarf að gera ráð fyrir lengri tíma til að fullnaðarhreinsa svæði 1, til dæmis til 1. ágúst n.k.
3. Ekki er hægt að fallast á geymslu úrgangs eða brotajárns til frambúðar enda brýtur slík geymsla gegn skipulagi svæðisins og hefur ekki starfsleyfi.

#### Niðurstaða:

1. Heilbrigðiseftirlitið mælir með því að heilbrigðisnefnd ákveði að endursenda umsókn Vöku um starfsleyfi fyrir geymsluvæði enda eru engar forsendur á þessu stigi til að afgreiða umsókn eftir að neikvæð umsögn hefur borist frá skipulagi Mosfellsbæjar.
2. Heilbrigðiseftirlitið mælir með því að Heilbrigðisnefnd fallist á tímamörk um hreinsun svæða 2, 3 og 4 í áætlun Vöku en hafni söfnun á efni á svæði 1 og mögulega 2 og geri kröfu um að öll svæði verði hreinsuð innan tímamarka.



Lokafrestur heilbrigðisnefndar til að hreinsa allt svæðið verði gefin til 1. september n.k.

Virðingarfyllt



Árni Davíðsson  
staðgengill framkvæmdastjóra